

48. gr.

Skólarnir sjái um að nemendur geti fengið fæði og þjónustu á kostnaðarverði í sameiginlegu mótuneyti. Einnig skulu þátttakendur á námskeiðum, sem haldin eru í skólunum, fá fæði og húsnæði á kostnaðarverði.

49. gr.

Ákvæði 12. greinar laga nr. 55/1978 skulu taka gildi frá og með skólaárinu 1980—1981. Það skólaár má jafnframt gefa kost á eins vetrar búfræðinámi við bændaskólana, samkvæmt 36. gr. laga nr. 55/1978.

50. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 34. gr. laga nr. 55/1978 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 525/1979.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. desember 1984.

Jón Helgason.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

11. desember 1984

Nr. 463

REGLUGERÐ

um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda vegna endursendingar, eyðileggingar, skemmda, rýrnunar eða vöntunar á innfluttum vörum.

I. KAFLI

Um endursendingar.

1. gr.

Heimilt er að falla frá innheimtu aðflutningsgjalda af ótollafgreiddri vöru í vörslu farmflytjanda sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundist að eða neitað hefur verið um viðtöku á og endursend er til útlanda, enda sé við endursendingu fullnægt eftirtöldum skilyrðum:

1. Lögð sé fram hjá viðkomandi tollstjóra skrifleg beiðni á þar til gerðu eyðublaði um tollskoðun á þeirri vöru sem senda á til útlanda, svo og viðurkenning eða skrifleg beiðni hins erlenda seljanda um endursendingu hennar, ásamt nauðsynlegum tollskjölum hafi þau ekki þegar verið afhent.
2. Sett sé fullnægjandi trygging í peningum fyrir áföllnum gjöldum. Í stað peningatryggingar er tollyfirvaldi þó heimilt að taka við skuldarviðurkenningu nemi gjöld minnst 20 000 kr., enda liggi fyrir skilyrðislaus sjálfsskuldarábyrgð banka á greiðslu gjalda og dráttarvaxta og annars kostnaðar verði vanefndir hjá skuldara.

Ef upphaflegur farmflytjandi, sem annast reglubundnar ferðir milli landa, sér um endursendingu skal falla frá kröfu um tryggingu, enda sé varan í hans vörslu. Sama skal gilda sé varan í tollvörugeymslu, enda annist sá endursendingu vörunnar sem tollvörugeymsluna rekur. Þeir aðilar skulu þó lýsa því yfir í beiðni um tollskoðun hverju sinni að þeir taki á sig fulla ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda ef ekki er unnt að framvísa staðfestingargögnum þeim sem um ræðir í 5. tl. Flutningsmiðlurum skal jafnframt heimilt að annast endursendingu án þess að setja sérstaka tryggingu hverju sinni ef þeir setja í samráði við viðkomandi tollstjóra heildartryggingu sem ætlað er að standa tiltekið tímabil.

3. Tollgæslan staðfesti skriflega skoðun vöru og umbúða svo og flutning hennar undir tolleftirliti um borð í útflutningsfar. Ef vara er eigi þegar að skoðun lokinni flutt um borð í útflutningsfar skal innsigling hennar staðfest af tollgæslu. Við síðari flutning hennar undir tolleftirliti um borð í útflutningsfar skal tollgæsla staðfesta að innsigli hafi reynst heil og órofin.
4. Farmflytjandi staðfesti skriflega útflutning vörunnar og láti fylgja til staðfestingar afrit af útflutningsfarmskírteini ásamt hleðslukvittun.
5. Framangreind staðfestingargögn séu afhent viðkomandi tollstjóra innan mánaðar frá brottför þess flutningsfars sem flutti vöruna til útlanda, enda skal þá gerð upp fjártrygging sem sett var samkvæmt 2. tl. Séu framangreind staðfestingargögn eigi afhent viðkomandi tollfyrirvaldi innan hins tilskilda frests má m. a. taka setta tryggingu upp í áfallin og ógreidd gjöld eða stöðva tollafræiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

2. gr.

Heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem send er aftur til útlanda ónotuð í því ástandi sem hún var í er hún var flutt hingað til lands, enda hafi hún ekki verið boðin fram til sölu, viðurkenning (kvittun) viðskiptabanka um gjaldeyriskil sé lögð fram og fullnægt sé að öðru leyti þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1., 3. og 4. tl. 1. gr.

Endurgreiðsla samkvæmt þessari grein er jafnframt bundin því skilyrði að staðfestingargögn skv. 1., 3. og 4. tl. 1. gr. séu afhent viðkomandi tollstjóra innan mánaðar frá brottför flutningsfars sem flutti vöruna til útlanda.

3. gr.

Heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum og vélahlutum sem reynast gallaðir, enda hafi gallar komið fram við notkun og ekki fyrr verið hægt að ganga úr skugga um þá.

Endurgreiðsla aðflutningsgjalda skv. 1. mgr. skal því aðeins heimil að fullnægt sé skilyrðum 2. gr. eftir því sem við getur átt auk þess sem lögð sé fram viðurkenning seljanda um að hann taki vöruna aftur vegna framkominna galla.

4. gr.

Auk þeirra skilyrða sem sett eru samkvæmt 1.—3. gr. skulu þeir sem endursenda vörur, eftir því sem við á, uppfylla almenn skilyrði um útflutning skv. ákvæðum VIII. kafla laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tilleftirlit með áorðnum breytingum.

II. KAFLI

Um eyðileggingu, skemmdir eða rýrnun.

5. gr.

Heimilt er að lækka, fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vörum sem hafa eyðilagst, skemmt eða rýrnað, enda sé fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Vörunar hafi eyðilagst, skemmt eða rýrnað á leið hingað til lands, við affermingu eða við geymslu í vörslu tollgæslunnar, viðurkenndum vörugeymslum farmflytjanda eða í tollvörugeymslum.
2. Vörunum sé framvísað fyrir tollgæslumanni, sem gerð sé grein fyrir eyðileggingu, skemmdum eða rýrnun þeirra áður en þær eru fluttar úr nefndum geymslum. Sé um að ræða vörur sem verulegum vandkvæðum er bundið að skoða í framan-greindum geymslum má skoðun þó fara fram heima hjá innflytjanda, enda fylgist tollgæslumaður með heimflutningi og að skoðun sé framkvæmd strax að honum loknum.
3. Sé um algera eyðileggingu að ræða skal vörunum fleygt undir tolleftirliti.

6. gr.

Beiðni um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda skv. 5. gr., svo og eyðileggingu ef við á, skal fylgja skýrsla tollgæslumanna svo og matsgerð váttryggjanda eða umboðsmanns hans ef um hana er að ræða.

III. KAFLI

Um vöntun.

7. gr.

Heimilt er að lækka, fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld ef fram kemur vöntun á vörusendingu í heild eða að hluta, enda sé fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Ef um sýnilega vöntun er að ræða skal sýnt fram á að gætt hafi verið ákvæða 42. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, þ. e. farmflytjandi hafi afhent tollyfirvaldi skrá um vöntunina innan 16 daga frá komu flutningsfars til landsins. Skrá um vöntun skal vera staðfest af tollgæslunni. Með sýnilegri vöntun er átt við að vörusending hafi annað hvort ekki komið fram við affermingu eða ekki verið sjáanlegt þá af ytri umbúðum að um vöntun hafi verið að ræða.
Hafi vara verið flutt undir innsigli tollgæslunnar milli geymslustaða má taka tillit til vöntunar, enda hafi varan verið sett undir innsigli innan nefndra tímamarka. Vöntun skal staðreynd í viðvist tollgæslumanns, þegar innsigli er rofið.
2. Sé vöntun ekki sýnileg má taka hana til greina, án tillits til skilafrests skv. 1. tl. Skal sýnt fram á með fullnægjandi gögnum að mati tollyfirvalds að varan hafi horfið erlendis, t. d. með skriflegri staðfestingu sendanda ásamt viðurkenningu banka um lækkun eða niðurfellingu hinnar erlendu kröfu.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annast tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari.

Fyrir hverja vörusendingu, sem endursend er til útlanda eða eyðilögð, skal greiða tollskoðunargjald.

9. gr.

Tollmeðferð samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar skal fara fram innan eins árs frá komu flutningsfars til landsins en innan þriggja ára hafi vara verið sett í tollvöruheymslu. Tollstjóri getur heimilað lengri frest ef um er að ræða varahluti í atvinnutæki sem geymdir eru í tollvöruheymslu.

Þrátt fyrir að frestur skv. 1. mgr. sé liðinn skal fallist á beiðni um tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari, enda séu þegar hafnar uppboðsaðgerðir því eigi til fyrirstöðu og viðkomandi greiði allan áfallin kostnað, þ. m. t. uppboðskostnað.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl., lögum nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit og lögum nr. 47 11. júní 1960 um tollvöruheymslur o. fl. með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 360 8. ágúst 1984 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 11. desember 1984.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.